

Nd.

109. Nefndarálit

um frv. til l. um bann gegn minkaeldi o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Fyrstu minkarnir voru fluttir til landsins fyrir 13 árum eða árið 1930. Fyrstu árin var þessari nýjung tiltölulega lítil gaumur gefinn, og fjölgaði minkunum því hægt framanaf. En er frá leið, fóru smám saman fleiri að stunda minkaeldi, og voru þá af ýmsum fluttir inn nýir og betri stofnar. Meginaukning minkastofnsins hefur því farið fram 6—7 síðustu árin. Er þó vafalaust, að styrjöldin hefur dregið úr fjölguninni, frá því sem ella hefði orðið, þar sem framleiðslukostnaður allur hefur stórhækkað, en skinnaverðið á erlendum markaði sáralítið. Samt er nú komið svo, að útflutningsverðmæti minkaskinna í ár nemur um einni milljón króna. Og þó að ýmsu kunní að þykja, að ekki fari mikið fyrir því í peningaflóði styrjaldarinnar, þá mundi það hafa þótt allmyndarlegt ilag í þjóðarbúið fyrir stríð, en við útflutningstekjur þjóðarinnar þá ber að miða, með því að skinnaverðið er mjög litið hærra nú en þá, eins og fyrr er sagt. — Og það koma vafalaust aftur þeir tímar, að íslenska þjóðin lætur sig nokkru skipta hvert milljónarvirði í útfluttum afurðum.

Grávara hefur jafnan verið eftirsótt í heiminum og mjög verðmæt, einkum meðal þeirra þjóða, er samilega hafa verið efnuð búnar. Virðist engin ástæða til að efa, að svo verði einnig í framtíðinni og að falleg og vönduð loðskinn verði löngum verðmikill varningur. Og samkvæmt langri reynslu hafa minkaskinnin verið hvað verðmest og eftirsóttust.

Aðalhrávaran til minkaeldis er fiskur. Einnig má fódra minka á kjöti, einkum sumar tegundir þeirra, sem ena eru hér óþekktar. Sem minkafóður má nota úrgangsfisk, sem ekki er hæfur til útflutnings, svo og ruður frá hraðfrystihúsunum. Það liggur því í augum uppi, að hvergi í heiminum eru betri skilyrði til minkaræktar en hér á landi, hvort sem notaður væri til fódurs úrgangsfiskur eða úrgangskjöt, sem þvorts tveggja er hægt að afla hér með minni kostnaði en víðast annars staðar, og er því framleiðsla loðskinna, bæði minka- og refaskinna, ein af þeim fáu framleiðslugreinum, sem Íslendingar ættu að vera vel samkeppnisfærir í á heimsmarkaðinum.

Er alveg vafalaust, að við hin fiskisælu þorp við kringum land eru æskilegustu skilyrði til að koma upp stórum og arðmiklum minkabúum, þó að refaeldi kunni að verða byggt á notkun úrgangskjötsins aðallega. Að öllu þessu athuguðu virðist það vera leikur einn fyrir Íslendinga að koma loðdýrarækt sinni, og ekki hvað sízt minkarækt sinni, í það horf á fáum árum, að hún skapi þjóðinni árlega útflutningsverðmæti fyrir tugi milljóna króna.

Þegar á þetta er lítið, virðist svo, að meira en lítið megi vera í húfi á öðrum sviðum, til þess að sú ráðstöfun verði réttlætt, að skera nú þegar í byrjun fyrir þessa ungu atvinnugrein og útflutningsstofn, þegar í huga er haft það gjaldeyrishungur, sem íslenska þjóðin hefur jafnan átt við að stríða í viðskiptum sínum við önnur lönd, ef undan eru skilin örfá styrjaldrár, er allt heilbriggt viðskiptalíf hefur gengið úr skorðum. Skal nú hér nokkuð að því vikið.

Það, sem liggur til grundvallar fyrir því frumvarpi, sem hér er um að ræða, um bann gegn minkaeldi, er sá ótti, sem hefur gripið ýmsa landsmenn og alið hefur verið á í blöðum landsins undanfarið, ærið einhliða, að minkar muni sleppa úr haldi í svo ríku mæli, að þeir vaxi landsmönnum yfir höfuð og leggist á önnur nytjadýr þeirra, svo sem fugla, fiska og jafnvel búfé, svo að það gangi til þurrðar að nokkru eða öllu leyti. Hafa um þetta gengið marghátaðar sögur manna á milli undanfarið. Allar munu þó sögur þessar meira og minna ýktar.

Um það, að villiminkar hafi lagzt á lömb, er aðeins óljós orðrómur, en engar sannanir. Mjög er sennilegt, að hann leggist á fisk í veiðivötnum, en um tjón á fiskstofninum af hans völdum er með öllu ósannað mál. Hættan fyrir fiskstofninn liggur ekki í því, að veiddur sé fiskur og fiskur og jafnvel þó að að nokkru ráði sé. Aðaltjónið, sem fiskstofninn verður fyrir, er ágangur á seiðum fisksins og hrognum, en sú hættan stafar ekki frá minkunum, heldur ýmsum fuglum, sem kunnugt er, svo sem fiskiöndum, veiðibjöllum og fleiri fuglum, sem eru hinir mestu vágastir á uppeldisstöðum fisksins í ám og vötnum. En hitt er vitað, að minkurinn leggst á fugla, þar sem hann gengur villtur, og á því mun það byggjast, að þar, sem hann hefur aðsetur sitt, t. d. í Ameríku, er talið, að hann bæti veiði í vötnum frekar en eyðileggi, með því að hann leggst á fugla, sem eyða ungvíði fisksins í vötnunum.

Aðalhættan, sem af honum virðist þá geta stafað hér, er sú, að hann kæmist í æðarvörp og hæsnabú. En æðarvörp hér á landi eru flest í eyjum í vötnum og í sjó, og því er minni hættan á, að minkurinn nái til þeirra, jafnvel þó að hann breiddist allmikið út um landið. Og eftirtektarvert er það, að eitt af mestu landvörpum á Íslandi er í Bessastaðanesi, í námunda við þær stöðvar, þar sem villiminkur er hvað útbreiddastur, en þar hefur aldrei orðið þess vart, að hann gerði hið minnsta tjón.

Höfuðtjónið, sem hann hefur gert, það sem af er, er í hæsnabúum, þar sem hann hefur komizt í hús eða girðingar að næturlagi. En fyrir slíkt ætti að mega byggja með því að ganga þannig frá hæsnagörðum, að minkur og önnur skaðræðisdýr væru þar með öllu útilokuð. Er og á því mesta nauðsyn, m. a. vegna rottunnar, sem einnig getur gert hinn mesta usla, ef hún kemst í unгахóp, — og er ekki öruggt um, að sum af spellvirkjunum í hæsnabúum, sem minkum hefur verið kennt um, séu ekki verk rottunnar.

Þó að hér sé nokkuð dregið í efa, að sá háski, sem ýmsum nytjadýrum landsins er talinn stafa af minknum, sé raunverulegur, telur meiri hl. n. alveg sjálfsagt að gera það, sem unnt er, til að halda villiminkum í skefjum og helst að útrýma þeim. Og við teljum engan veginn sannað, að það sé ekki unnt, þótt minkaeldi væri leyft í landinu

Í fyrsta lagi teljum við með öllu óreynt, hvort villiminkur mundi lifa hér af, svo að nokkru næmi, ef verulega harður vetur kæmi, en hann hefur enginn verið hér, síðan minkar fluttust til landsins. Hins vegar er það nokkurn veginn víst, að villiminkur þekkist hvergi á landinu nema í þeim héruðum, þar sem veðráttan er hvað mildust, þ. e. á Suðurlandi. Hitt vita menn þó, að minkar hafa sloppið úr haldi norður í Skagafirði og sézt þar að sumri til, en þeirra eigi orðið vart að vetri liðnum, og var

hann þó ekki nema í meðallagi harður. Þá hafa ekki ennþá verið reyndar hér veiði- aðferðir, sem notaðar eru við minka í Ameríku og gefast þar mjög vel. Eins er og þess að geta, að með öllu er ósannað mál, að minnar sleppi úr haldi að neinu ráði síðari árin, síðan umbúnaður minkabúra og eftirlit með þeim var bætt samkvæmt lögum og reglugerðum, sem um það voru settar. Í því sambandi er vert að geta þess, að fyrstu 6 árin, sem minnar voru hér aldir, var ekkert eftirlit með þeim og engin kunnátta í meðferð þeirra. Og það er vitað, að á þeim árum sluppu minnar iðulega úr haldi og það stundum heilar hjarðir. Eru mestar líkur til, að meginhluti þeirra villiminka, sem nú eru í landinu, séu afkomendur þessara fyrstu árganga, og hitt er alveg víst, að á síðari árum er það mjög sjaldgæft, að minnar sleppi úr haldi, svo að vitað sé.

Loðdýraræktarráðunautur hefur skoðað nokkuð á þriðja hundrað villiminka, sem unnir hafa verið hér á Suðurlandi, síðan eftirlit var hafið með minkabúunum og farið var að verðlauna dráp villiminkanna.

Þessi dýr hafa öll undantekningarlaust verið af þeim stofni, er fyrst var fluttur hingað til lands, eða hinn svo kallaði Missisippiminkur. En aftur á móti hefur aldrei verið veitt dýr af **Alaska-(Kleve)stofninum** eða **Quibeckstofninum**, sem fluttur var hingað til landsins, eftir að lögum um loðdýrarækt voru sett 1937.

En það, sem til þessa hefur staðið í vegi fyrir því, að örugg vitneskja fengist um þetta, er, að til þessa hefur ekki verið talið unnt að merkja aliminka. Nú tjáir hins vegar loðdýraræktarráðunautur nefndinni, að fundizt hafi ráð til að koma merkingum á minka, og má þá auðveldlega ganga úr skugga um það, ef lögð er áherzla á veiði villiminka, hve mikil brögð verða að því, að minnar sleppi úr haldi. Teljum við því sjálfsagt, að merkingar verði lögboðnar. Þá fyrst er hægt, sem og sjálfsagt er, að koma fram refsingum og ábyrgð á hendur þeim, sem sleppa minkum úr haldi, og taka af þeim leyfi til eldis, sem sýna vanrækslu eða trassaskap um gæzlu þeirra. Þá verður líka unnt að gera sér grein fyrir því, hvort svo mikil brögð eru að því, að aliminkar sleppi, að nauðsyn beri til að banna minkaeldi til þess að losna við villiminkinn. En á það viljum við benda, og það er aðalatriðið, að ef menn gera sér góðar vonir um, að unnt sé að útrýma að mestu eða öllu leyti þeim villimink, sem nú þegar er í landinu, eru til þess mestar líkur, að einnig sé unnt að útrýma og halda í skefjum þeim minkum, sem hér eftir kunna að sleppa úr haldi, ef fullkomins eftirlits er gætt um útbúnað búanna og gæzlu lögum samkvæmt.

Reynist hins vegar ókleift að útrýma eða halda í skefjum núverandi villiminkastofni, virðist lítill búhnykkur að því að útrýma þeim hluta minkanna, sem er bak við lás og loku og bæði veitir landsmönnum atvinnu og eftirsóttan gjaldeyri. Og auk þess má telja víst, að rikissjóður yrði fyrir stórfelldum útlátum vegna skaðabóta til eigenda minkabúa, sem nú þegar hafa margir hverjir lagt ærna fjármuni í þennan atvinnuveg, sem til þessa hefur verið löghelgaður í landinu, fjármuni, sem þeim yrði að engu, ef hann væri fyrirvaralaust bannaður með lögum.

Hins vegar teldum við ekki ósanngjarnnt, að nokkur útflutningstollur yrði lagður á minkaskinn til þess að bera að einhverju leyti uppi kostnað við útrýmingu villiminka.

Munum við bera fram breytingartillögur um þetta við gildandi lög um loðdýrarækt, ef frumvarp þetta nær ekki fram að ganga.

Af þessum ástæðum leggjum við til, að háttvirt neðri deild afgreiði frumvarpið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur ekki að fullu reynt, hvort ekki sé unnt að halda í skefjum eða útrýma villiminkum í landinu, án þess að minkaeldi sé með öllu barvað, með því:

1. að skerpa eftirlit og ráðstafanir um öryggi minkabúa og gæzlu þeirra,
2. að fyrirskipa merkingu á aliminkum og

3. að setja strangari refsíákvæði fyrir að sleppa þeim úr haldi, og í því trausti, að slíkar ráðstafanir verði gerðar, svo og auknar aðgerðir af hálfu ríkisins til útrýmingar villiminkum, telur deildin ekki tímabært að samþykkja frumvarp á þingskjali 7, um bann gegn minkaeldi o. fl., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. sept. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, Sigurður Guðnason. Emil Jónsson. Jón Sigurðsson.
form., frsm.